

Steinull hf.
Stefán Logi Haraldsson
Skarðseyri 5
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 6. desember 2019
UST201901-163/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit 2019 – steinullarverksmiðja Steinull hf. á Sauðárkróki

Þann 1. október sl. fór fram eftirlit í steinullarverksmiðju Steinull hf. á Sauðárkróki. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert frávík frá kröfum í starfsleyfi kom fram við eftirlit en ein ábending var gerð um eftirlit með olfúmannvirkjum.

Virðingarfyllst,


Gottskálf Friðgeirsson


Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



Dags eftirlits	1.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Steinull hf	Eftirlitsmaður	Ísak og Hera
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Logi Haraldsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur og Rafn Ingi	Staðsetning	470210,864 584942,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirliti en ein ábending var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Á fundinn voru mættir Stefán Logi Haraldsson, Rafn Ingi Rafnsson og Guðmundur Örn Guðmundsson, fulltrúar rekstraraðila og Hera Guðlaugsdóttir, Ísak Sigurjón Bragason og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Dagskrá:

1. Staða frávíka síðasta árs og úrbætur
2. Ný reglugerð um mengunarvarnareftirlit og ákvæði um tíðni eftirlits
3. Kröfur í starfsleyfi og staða gagnvart þeim
 - a. áætlanir
 - b. skýrslur
 - c. skráningar
 - d. mælingar
4. REACH skráningar
5. ETS
6. Umhverfismarkmið
7. Önnur mál

Í upphafi eftirlits var farið í langa og góða skoðunarferð með framleiðslustjóra Steinullar hf., Rafni Inga Rafnssyni. Ferlar í verksmiðjunni voru vel útskýrðir.

Því næst var sest á fund.

1. Tvö frávik voru skráð í síðasta eftirliti. a) Krafa um hljóðmælingar hafði ekki verið uppfyllt, en annað hvert ár skal mæla hávaða frá verksmiðjunni. b) Útblásturshraði var mældur árið 2017 og mældist 15,7 m/s en kröfur eru um hraða upp á 20 m/s. Óskaði Umhverfisstofnun eftir tímasettri úrbótaáætlun og barst hún í framhaldinu. Þann 5. júní sl. var úrbótum lokið og þá var frávikum lokað.

Rekstraraðili hefur óskað eftir yfirlýsingu stofnunarinnar um að kröfur í starfsleyfi um útblásturshraða verksmiðjunnar verði lækkaðar í 15 m/s til samræmis við minnisblað verkfræðistofunnar Mannvits um að sá útblásturshraði valdi ekki auknu umhverfisálagi. Rekstraraðili hefur eins farið fram á breytingu á starfsleyfi um tíðni mælinga á olíu og svifefnum í frárennslisvatni og byggir kröfur sínar á því að einungis sé um ómengað kælivatn af ræða. Eins er óskað eftir því að dregið verði úr kröfum til hljóðmælinga til samræmis við sambærilegan rekstur. Óskað er eftir því að einungis þurfi að gera mælingar í fráveituvatni og hávaðamælingar einu sinni á starfsleyfistímanum.

Ábending frá síðasta eftirliti þess eðlis að óljóst sé hvort jarðgerð sé heimiluð í starfsleyfi rekstraraðila leiddi eins til þess að rekstraraðili hefur óskað eftir túlkun stofnunarinnar á því hvort jarðgerð til þess að brjóta niður óhert bindiefni í steinullarafgöngum geti talist vinnsla á steinullarafurðum, grein 1.2 í starfsleyfi. Óskað er eftir því að unnin molta sé skilgreind sem steinullarafurð enda meðhöndlaðir steinullarafgangar að stórum hluta. Moltan er framleidd til þess að gera óhert bindiefni óskaðleg fyrir umhverfið.

Beðið verður eftir umfjöllun Umhverfisstofnunar um erindi Steinullar hf. áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið.

2. Ný reglugerð nr. 550/2018 kveður á um kerfisbundið mat á umhverfisáhættu til þess að ákveða tíðni eftirlits. Þá skulu sambærilegar verksmiðjur landsins bornar saman og metið út frá því hvar stofnunin ætti að vera að beita sér. Nánar er gerð grein fyrir kerfisbundna áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit sem er á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Tíðni eftirlits skal vera á bilinu amk.eitt eftirlit á ári fyrir þá starfsemi sem veldur mestri áhættu, til þess að vera á þriggja ára fresti fyrir fyrirtæki sem valda minnstri áhættu.

3. Í starfsleyfinu er krafa um að fyrirtækið hafi tiltækar þrjár áætlanir. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og tvær viðbragðsáætlanir til þess að taka á lyktar- og rykmengun annars vegar en bráðamengun vegna efna og olíu hins vegar. Þessir hlutir eru í ágætu lagi.

Tvær skýrslur skulu berast fyrir 1. maí ár hvert, þ.e. skýrsla um grænt bókhald og um útstreymisbókhald. Ekki er gerð athugasemd við skýrsluskil.

Kröfur eru um skráningar á umhverfisþáttum. Hreinsivirki eru þjónustuð og þeim viðhaldið til að draga úr umhverfisáhrifum fyrirtækisins. Hreinsivirki í útblæstri eru pokasíur og í frárennsli eru setþrær. Ekki eru olíuskiljur á lóðinni þar sem að ekki er unnið með olíur í verksmiðjunni. Olíuskiptum ökutækja er útvistað.

Vel er haldið utanum skráningar og flokkun úrgangs og eru skráningarnar notaðar til þess að vinna grænt bókhald fyrirtækisins.

Mælingar í útblæstri bárust stofnuninni síðast 2017 og hljóðmælingar nú í ár. Erindi rekstraraðili um að fá að draga úr tíðni ákveðinna mælinga er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun og beðið verður eftir niðurstöðu stofnunarinnar með það hvenær frárennismælinga verður næst krafist.

Rekstraraðila var bent á að yfirfara þykktarmælingar og þrýstiprófanir á olíumannvirkjum eins og krafist er í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

4. Starfsmaður Umhverfisstofnunar í teymi efnamála, Ísak Sigurjón Bragason fór nú yfir efnamál og REACH kröfur. Þessum þætti eftirlitsins verða gerð frekari skil í skýrslu frá teymi efnamála þegar það teymi hefur lokið yfirferð sinni.

5. Starfsmaður Umhverfisstofnunar í teymi loftlags og loftgæða, Hera Guðlaugsdóttir fór nú yfir ETS mál og útblástur CO₂.

6. Steinull hf. fékk vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sínu 15. september 2018. Skírteini vegna ISO 14001 vottunar, nr. C-12454-60-18 gefið út af Eurofins Expert Services í Finnlandi. Umhverfisstofnun óskar rekstraraðila til hamingju með vottunina og lýsir ánægju sinni á að þessi leið var valin. Gæða- og umhverfisstefna er á heimasíðu rekstraraðila.

7. Samráðsfundur rekstraraðila með fulltrúum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar var haldinn á árinu 2016 og því skal halda næsta samráðsfund á næsta ári (2020).

Ein kvörtun barst um mengun frá verksmiðjunni. Þann 30. ágúst sl. kviknaði í síuhúsi verksmiðjunnar og dökkur reykur barst upp úr skorsteininum um tíma en síðan vatnsgufa þegar slökkvistarf var hafið. Skipt var um síur til bráðabrigða en dagana 1. – 2. september voru allar síur endurnýjaðar.

Enn er beðið eftir afgreiðslu erindis um skilgreiningu á lóðarmörkum og eru því enn hráefnisgeymslur hólfaðar af með gámasæðum á núverandi stað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að yfirfara þykktarmælingar og þrýstiprófanir á olíumannvirkjum eins og krafist er í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.


ANNAD

Erindi rekstraraðila um útblásturshraða, um breytingar á tíðni mælinga í frárennsli og tíðni hljóðmælinga og um það hvort jarðgerð á lóð verksmiðjunnar rúmist innan starfsleyfisins sem barst 31. október sl. og er til meðferðar hjá stofnuninni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.12.2019



Gottskálk Friðgeirsson